



Reykjavík, 25. júlí 2016
SFS2016060118

4.8

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016 – 2019. Þingskjal 1285 – 765. mál. Lagt fyrir á 145. löggjafarþingi 215-2016

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis sem barst Reykjavíkurborg þann 13. júní 2016 varðandi beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019.

Skóla- og frístundasvið vísar til umsagnar fjölmenningsarteymis skóla- og frístundasviðs, dags. 13. janúar 2015, varðandi málefnið.

Tekið er undir sjónarmið er fram koma í umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 24. júní sl. Afar mikilvæg er að tryggt sé að framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fylgi nægjanlegt fjármagn svo unnt sé að framfylgja henni auk þess sem að eftirfylgni með framkvæmdaáætluninni er mikilvæg.

Sérstaklega er tekið undir umfjöllun velferðarsviðs varðandi misræmi á milli aðstoðar til hópa svonefnds kvótaflóttafólks og annarra flóttamanna. Sem dæmi er tekið að börnum flóttamanna sem ekki eru kvótaflóttamenn fylgir sami stuðningur í skóla og öðrum börnum með íslensku sem annað tungumál. Ljóst er að börn flóttamanna og fjölskyldur þeirra þurfa mun meiri stuðning og leiðsögn en börn með íslensku sem annað tungumál sem eru sum jafnvel fædd hér á landi. Mikilvægt er að sami stuðningur fylgi öllum börnum sem fá stöðu flóttamanns á Íslandi. Skólustjórar segja börn flóttamanna oftast en ekki koma úr mjög erfiðum aðstæðum, hafi upplifað aðstæður og atburði sem börn eiga ekki að upplifa, þeir segja þau einnig þurfa mjög fjölbreyttan og sérhæfðan stuðning. Til þessa verður að taka tillit við stefnumótun og þegar tekin er ákvörðun um fjármagn til málaflokksins.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við einstaka liði tillögu til framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019:

Málþing innflytjenda:

Lagt er til að Háskólasamfélagið og Rannsóknarstofa í fjölmenningu verði bætt við sem samstarfsaðilum.



B. Fjölskyldustöð.

Lagt er til að bætt verði við menntun sem sérstökum áhersluþætti fyrir þróun samfélagsins.

B.2 Fyrirmynd að móttökuáætlun.

Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðuneytinu verði bætt við sem samstarfsaðila og getið um skóla- og frístundamál barna.

B.3 Upplýsingagjöf til innflytjenda fyrst eftir komu til Íslands.

Lagt er til að bætt verði við upptalningu, undir liðnum framkvæmd, upplýsingum um menntakerfið og skólastigin.

Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðuneytinu verði bætt við sem samstarfsaðila og getið um skóla- og frístundamál barna.

B.6 Þátttaka barna og ungmenna í íþróttum og æskulýðsstarfi.

Lagt er til að þessum þætti verði gerð ríkari skil í móttökuáætlun og að tekið verði tillit til nýlegra breytinga á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 varðandi tómstunda- og félagsstarf og frístundaheimili.

Lagt er til að í niðurstöðum komi fram að færni í íslensku og félagslegri færni verði aukin.

B.7. Stuðningur við konur sem búið hafa við heimilisofbeldi

Lagt er til að Félagi kvenna af erlendum uppruna verði bætt við sem samstarfsaðila.

B.8. Ofbeldi

Lagt er til að undir liðnum framkvæmd verði bætt við að hugað verði sérstaklega að fræðslu til foreldra.

C. Menntastöð

Lagt er til að aukin verði áhersla á að kennsla í íslensku sem öðru máli verði eflid og að kennarar verði styrktir til að vinna með fjölbreytta nemendahópa. Taka þarf fram að efla þurfi kennslu í íslensku sem öðru máli, virku tvítyngi, frá leikskóla til háskóla.

Þegar kemur að umfjöllun um að efla gæði og framboð íslenskukennslu er lagt til að bætt verði við sérstakri áherslu á börn sem fædd eru á Íslandi.

C.4 Íslenskukennsla fyrir fullorðna

Í markmiðum er lagt til að notað verði annað orðalag í síðasta málslið 1. mgr. Lagt er til að fram komi að sérstaklega verði hugað að foreldrum skólabarna með annað móðurmál en íslensku í stað foreldra skólabarna sem ekki tala íslensku.



D4. Auknir möguleikar til endurmenntunar og starfstengds náms.

Lagt er til að í markmiðum komi fram að huga megi að fagtengdri íslenskukennslu.

E.1 Móttaka flóttafólks eftir hælisleit.

Lagt er til að fram komi að hugað verði sérstaklega að börnum í þessu samhengi.

E.2. Fræðsla og ráðgjöf fyrir flóttafólk

Lagt er til að Mennta- og menningarmálaráðuneyti verði bætt við sem samstarfsaðila.

E.4. Rannsókn á stöðu og líðan flóttafólks.

Lagt er til að fram komi að hugað verði sérstaklega að börnum.

Að lokum er tekið fram að mikilvægt er að hafa í hug að börn innflytjenda og þá ekki síst börn með stöðu flóttafólks þurfa í mjög mörgum tilfellum meiri stuðning en önnur börn. Það skiptir sköpum fyrir velferð þeirra að sá stuðningur sé veittur á mikilvægu mótunarskeiði þeirra. Mikilvægt er að ríkið ábyrgist að unnt sé að veita framangreindum einstaklingum þennan stuðning og að þau njóti jafnrar stöðu og tækifæra til dvalar í leikskóla, náms í grunnskóla og þátttöku í frístundastarfi í raun án þess að sá kostnaður sem af því hlýst leggist að mestu á sveitarfélögin.

Virðingarfyllst, f.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Guðrún Sigtryggisdóttir, yfirlögfræðingur

Afrit:

Skrifstofa borgarstjórnar